

Alþingi  
Erindi nr. P 136/1292  
komudagur 18. 3. 2009



Nefndasvið Alþingis  
Efnahags- og skattanefnd Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Reykjavík, 17. mars 2009

**Umsögn BSRB um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 90/2003, um tekjuskatt, með síðari breytingum, þskj. 695 - 410. mál.**

BSRB hefur fengið til umsagnar frumvarp til laga um breytingu á lögum um tekjuskatt, um hækkun á viðmiðunarfjárhæðum vaxtabóta. Breytingin felur í sér afturvirka hækkun á viðmiðunarfjárhæðinni þannig að bæturnar hækka um 25% til viðbótar við 5,7% sem gert var ráð fyrir í forsendum fjárlaga 2009, eða samtals um 32% frá því sem gildi við síðustu álagningu á árinu 2008. Þessi breyting er einn liður í því að koma til móts við erfiða fjárhagsstöðu heimilanna í landinu og því jákvæð aðgerð að mati BSRB. Þetta er þó einungis eitt skref af mörgum sem þarf að stíga til að koma í veg fyrir fjárhagslegt hrun fjölda heimila vegna misgengis undanfarinna missera. BSRB styður frumvarpið.

Fyrir hönd BSRB,

*Helga Þónsdóttir*

Helga Þónsdóttir  
framkvæmdastjóri